

Mannréttinda- og Lýðræðisráð

14. mars 2019

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í mannréttinda- og lýðræðisráði um breytta framsetningu launaseðla borgarinnar

Mannréttinda- og lýðræðisráð samþykkir að fela fjármálaskrifstofu að breyta framsetningu launaseðla Reykjavíkurborgar og stofnanna hennar með þeim hætti að þar komi fram hvernig staðgreiðslu viðkomandi launþega er skipt. Sérstaklega verði tilgreind fjárhæð tekjuskatts og útsvars launamanns, bæði fjárhæð hvors liðar og hlutfall þeirra af heildarlaunum og einnig komi fram með skýrum hætti sú fjárhæð sem launagreiðandi greiðir vegna launamanns í tryggingagjald og önnur launatengd gjöld.

Greinargerð

Tilgangur tillögunnar er að auka gagnsæi skattheimtu og þekkingu launafólks á hvernig skatti er skipt milli tekjuskatts og útsvars sem og þekkingu um tryggingagjald og önnur launatengd gjöld launagreiðanda. Eðlilegt er að launamenn hafi upplýsingar um það á launaseðli hve stór hluti þeirra opinberu gjalda sem þeir greiða af launum sínum rennur annars vegar til ríkisins í formi tekjuskatts og hins vegar til Reykjavíkurborgar í formi útsvars.